

## Fundur í skólaráði Snælandsskóla 29. sep. 2021

Mættir: Arna Björk Þórðardóttir fulltrúi nærsamfélagsins, Soffía Weissappel og Jón Óttarr Karlsson fulltrúar kennara, Helena Jóna Ragnarsdóttir og Óttar Örn Sigfússon fulltrúar nemenda og Magnea Einarsdóttir skólastjóri.

Nýir fulltrúar skólaráðs kynntir og farið yfir hlutverk og reglur skólaráðs.

Farið yfir starfsáætlun, rætt um nýjunga í skólastarfinu m.a. tíma sem kallast *Flæði* á miðstigi sem og *Frelsi* og *Vinnutíma* á unglingsstigi. Hlýtt á raddir og upplifun nemenda þar og komu bæði fram ábendingar um það sem var gott og einnig það sem mætti breyta.

Starfsáætlun samþykkt.

Kynntar hugmyndir um endurbætta aðstöðu á unglingsstigi. Tillögur frá Sýruson sýndar en starfsmenn þar hafa teiknað upp svæði til móts við matsalinn (gryfjuna) og rými við stigaop hjá E-álmu. Í framhaldinu var líka rætt um nauðsyn þess að ráðast í úrbætur og framkvæmdir á skólahúsnæðinu sjálfu en það er bæði komin þörf fyrir viðhald auk þess sem ýmislegt í starfsseminni kallar á meira rými.

Fundi slitið

Brynjar Ólafsson, ritar fundargerð